



Alþingi
Erindi nr. P 135/426
komudagur 26.11.2007

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 26.nóvember 2007

Efni: Frumvarp til laga um íslenska táknmálið sem fyrsta mál heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra, þskj. 12 – 12.mál

Hugvísindadeild Háskóla Íslands hefur borist ofangreint frumvarp til umsagnar. Engar athugasemdir eru gerðar við frumvarpið sjálft en hér að neðan er bent á atriði í greinargerð sem þarfnast leiðréttingar.

Á bls. 6 í greinargerðinni er sagt að nám í táknmálsfræði og táknmálstúlkun heyri undir heimspekideild. Heimspekideild Háskóla Íslands heitir núna Hugvísindadeild.

Neðar á sömu blaðsíðu er sagt að táknmálsfræðin við HÍ „gæti í náinni samvinnu við Kennaraháskóla Íslands boðið nemendum KHÍ táknmálsfræðinám og metið það til eininga sem hluta af kennaranámi.“ Þessu samstarfi var komið á fyrir tveimur árum og er íslenskt táknmál nú kjörsvið á grunnskólaleið við KHÍ.

Fyrir hönd Hugvísindaeildar Háskóla Íslands,

Rannveig Sverrisdóttir
lektor í táknmálsfræði við HÍ
Nýja Garði,
Háskóla Íslands við Suðurgötu
101 Reykjavík

Afrit:

Oddný Sverrisdóttir, deildarforseti Hugvísindaeildar
Óskar Einarsson, skrifstofu- og rekstrarstjóri Hugvísindaeildar